



SUÐURNESJABÆR

SANDGERÐISHÖFN



***MEDHÖNDLUN
ÚRGANGS FRÁ SKIPUM***

Sandgerðishöfn. Meðhöndlun úrgangs frá skipum.

Mat á þörf fyrir móttökuaðstöðu miða við þarfir.

Áætlað er að tíðni skipa við Sandgerðishöfn sé um 10-20 skip á veiðum allt árið um kring. Tveir togarar landa 2-3 í mánuði á jafnaði. Gríðamargir smábátar gera út frá Sandgerði og hefur aukist verulega með tilkomu strandveiðarnar. Fraktflutningar á frosnum fiskúrgangi frá Skinnfisk hafa verið 6-8 ári.

Þörf: Miða við aðstæður á höfn og fjölda skipa við viðlegugarða er talin þörf á fjórum sorptunnum til að taka við almennum úrgangi frá skipum. Sorptunnur eru losaðar af íslenska Gámafélaginu á u.þ.b. 10 daga fresti. Einnig er talin þörf á að hafa 2 lokaðan gáma frá Íslenska Gámafélaginu sem losaðir eru þegar starfsmenn hafnarinnar hringja og biðja um losun á honum, staðsettir á Norðurgarði og Suðurgarði. Allur sértækur úrgangur s.s. járn, net eða annað ber skip sjálft ábyrgð á, en hægt er að skilja það eftir við skipshlið og sjá hafnarstarfsmenn um að koma þeim úrgangi á mótökustöð Sorpeyðingarstöðvar Kólku. Einnig eru 2 olíutankar við höfnina til að losa úrgangsolíu í; Einn tankur á Norðurgarði og annar á Suðurgarði. Starfsmenn Dælingar ehf. sjá um losun á olíugámum.

Lýsing á gerð og geymslurými hafnarinnar.

Við höfnina er eftirfarandi móttökuaðstöður fyrir úrgang:

- Fjórar sorptunnur af stæð 660 lítra á hjólum, festar við bryggjuhús til varnar foki.
- Tveir lokaðir gámar 20 feta staðsettir á Norðurgarði og Suðurgarði. og einnig eru við með einn 20 feta gám á hafnarsvæðinu sem er eingöngu fyrir tóg og netaúrgang.
- Tveir olíutankar 1100 lítra eru staðsettir á hafnarsvæðinu til losunar úrgangsolíu og sér uppdæling um losun eftir þörfum.

Lýsing á verklagsreglum við móttöku og söfnun úrgangs frá skipum og farmleifa

Almennu sorpi bera skipstjórar skipa ábyrgð á að fara með í sorptunnur á viðleguköntum. Sandgerðishöfn fer ekki fram á formeðferð úrgangs og farmleifa.

Sértækt sorpi bera skipstjórar skipa ábyrgð á að fara með til mótökustöðvar Kólku í Helguvík, en hægt er að skilja það eftir við skipshlið á viðlegukanti og tilkynna hafnarstarfsmönnum um það og þeir fara þá með það á mótökustöð Kólku.

Lýsing á gjaldtöku

Gjaldtaka fer fram skv. gjaldskrá hafnarinnar sjá á www.sudurnesjabaer.is.

Sorphirðugjöld.

18. gr.

Skip minni en 10 BT kr./mán. 1316

Skip 10 – 100 BT kr./mán. 4242

Skip stærri en 100 BT kr./mán. 5706

Sorpeyðingargjald er innifalið í ofangreindum verðum.

Sorplosun stærri skipa:

Sorplosun við skipshlið kr./ferð 5955

Sorpeyðingargjald kr./kg. 48,50

(skv. Gjaldskrá útgefinni í Janúar 2021)

Vinsamlegast athugið að gjaldskrá getur breyst.

Sé um sértækt sorp að ræða sem flutt er á mótökustöð Kölku, er það annaðhvort skrifað á viðkomandi aðila hjá Kölku eða reikningur gerður skv. gjaldskrá Sandgerðishafnar eða Kölku (sjá www.kalka.is).

Málsmeðferð við skýrslugjöf um vanbúnað móttökuaðstöðu hafna

Komi upp sú aðstaða að gefin er skýrsla um vanbúnað móttökuaðstöðu hafnarinnar. Er það rætt meðal starfsmanna og Hafnarstjóra. Sé talin þörf á er rætt við viðskiptavini og þjónustuaðila hafnarinnar s.s. Kölku og Íslenska Gámafélagið.

Öll skýrslugjöf fari í gegnum Hafnarstjóra, en til hans skal beina athugasemdum.

Málsmeðferðarreglur um stöðugt samráð við notendur hafna.

Verktakar sem meðhöndla úrgang.

Rekstaraðilar hafnarinnar og aðrir hagsmunaaðilar.

Haft er samráð við skip sem nota þjónustuna og verktaka sem meðhöndla úrgang og aðra hugsanlega hagsmunaaðila að staðaldri eða þegar þörf er talin á sökum slæmrar umgengni eða annara aðstæðna sem geta komið upp. En hafnarstarfsmenn hafa eftirlit og umsjón með umhirðu og úrgangi á hafnarsvæði Sandgerðishafnar. Sem og samskiptum við verktaka og notendur hafna í daglegum störfum sínum fyrir höfnina.

Öll skýrslugjöf fari í gegnum Hafnarstjóra, en til hans skal beina athugasemdum.

Tegund og magn úrgangs frá skipum og farmleifa sem tekið er á móti og meðhöndlað.

Úrgangur og farmleifar frá skipum eru ekki skráðar á annan hátt en þann að höfnin greiðir fyrir losun sorpílata á ákveðnu tímabili og/eða skv. beiðni hafnarstarfsmanna til verktaka um losun sorpílata. Hjá Sandgerðishöfn er losað um 8 þúsund lítra af úrgangsolíu á ári 25 tonn af sorpi og 5 tonn af neta og línu afskurði.

Sértækan úrgangur frá skipum er farið með til mótökustöðvar Kólku í Helguvík, þar sem tekið er við honum. Sá úrgangur er ekki skráður á annan hátt en eigandi úrgangs fær sendan reikning frá Kólku eða höfninni skv. gjaldskrá Kólku.

Við móttöku sorps frá fraktskipum er gefin út kvittun frá höfninni um móttöku sorpsins.

Samantekt um viðeigandi löggjöf

Áætlun um móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmleifa er gerð skv. reglugerðar nr. 792/2004. En sú reglugerð er unnin á grundvelli tilskipunar Evrópusambandsins 2000/59/EB. Lög nr 55/2003 um meðhöndlun úrgangs

Reglugerð nr 737/2003 um meðhöndlun úrgangs. Reglugerð nr 806/1999 um spilliefni. Lög nr 33/2004 um varnir gegn mengun hafns og strandar. Reglugerð nr 801/2004 um varnir gegn sorpmengun frá skipum.

5.grein.

Áætlunir hafna.

Hafnaryfirvöld skulu gera áætlun um móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmleifa í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar, sbr. og viðauka I. Við gerð áætlunar skal hafa samráð við hlutaðeigandi aðila, einkum notendur hafna eða fulltrúa þeirra.

Endurskoðað skal áætlunina á þriggja ára fresti og eftir meiri háttar breytingar á rekstri hafnarinnar, næsta endurskoðun fari fram eigi síðar en árið 2023.

Heimilt er að gera sameiginlega áætlun fyrir stærri svæði með viðeigandi þátttöku hvernar hafnar að því tilskildu að gerð sé sérstaklega grein fyrir hverri höfn í áætluninni.

Umhverfisstofnun staðfestir áætlun um meðhöndlun og móttöku úrgangs og farmleifa.

VIÐAUKI I

Áætlun hafnar um móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmleifa.

Áætlun skal taka til allra tegunda úrgangs og farmleifa frá skipum sem venjulega koma til viðkomandi hafnar og þær skulu taka mið af stærð hafnarinnar og gerð skipa sem hafa þar viðkomu.

Í áætlun skulu eftirtalin atriði koma fram:

- mat á þörf fyrir móttökuaðstöðu miðað við þarfir þeirra skipa sem venjulega koma til hafnarinnar;
- lýsing á gerð og geymslurými móttökuaðstöðu hafnarinnar;
- nákvæm lýsing á verklagsreglum við móttöku og söfnun úrgangs frá skipum og farmleifa;
- lýsing á gjaldtöku;
- málsmeðferð við skýrslugjöf um vanbúnað móttökuaðstöðu hafna;
- málsmeðferðarreglur um stöðugt samráð við notendur hafnar, verktaka sem meðhöndla úrgang, rekstraraðila hafnarinnar og aðra hagsmunaaðila; og
- tegund og magn úrgangs frá skipum og farmleifa sem tekið er á móti og meðhöndlað.

Að auki skal eftirfarandi koma fram í áætlun:

- samantekt um viðeigandi löggjöf og formsatriði við afhendingu;
- upplýsingar um hvaða einstaklingur eða einstaklingar bera ábyrgð á framkvæmd áætlunarinnar;
- lýsing á búnaði og ferlum við formeðferð úrgangs og farmleifa í höfninni ef um slíkt er að ræða;
- lýsing á aðferðum við skráningu raunverulegrar notkunar á móttökuaðstöðu hafnarinnar;
- lýsing á aðferðum við skráningu á magni úrgangs frá skipum og farmleifa sem tekið er á móti; og
- lýsing á aðferðum við losun úrgangs frá skipum og við losun farmleifa.

Verklagsreglur við móttöku, söfnun, geymslu, meðhöndlun og förgun eiga að öllu leyti að vera í samræmi við umhverfisstjórnunarkerfi sem hentar vel til þess að draga smám saman úr umhverfisáhrifum slíkra aðgerða. Gert er ráð fyrir slíku samræmi ef verklagsreglurnar eru í samræmi við ákvæði reglugerðar um frjálsa þátttöku iðnfyrirtækja í umhverfismálakerfi ESB.

Aðgengilegar upplýsingar fyrir notendur hafna:

- stutt tilvísun í grundvallarþýðingu réttar afhendingar úrgangs frá skipum og farmleifa;
- staðsetning móttökuaðstöðu hvers skipalægis með teikningu/kort; og
- skrá yfir helstu tegundir úrgangs frá skipum og farmleifa sem að jafnaði koma til afgreiðslu;
- skrá yfir tengiliði, rekstraraðila og þá þjónustu sem er í boði;
- lýsing á starfsaðferðum við afhendingu;
- lýsing á gjaldtöku; og
- málsmeðferð við skýrslugjöf um vanbúnað í móttökuaðstöðu hafna.